

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 3. júní 1992****um tölvuleit að staðareiningum Animo-kerfisins****(92/341/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/628/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Frankvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun 91/398/EBE um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) ⁽³⁾ og 21. febrúar 1992 ákvörðun 92/175/EBE um að gera skrá og auðkenna einingar í tölvuvædda netkerfinu Animo ⁽⁴⁾.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi netkerfisins skal sjá til þess að komið verði upp tölvukerfi sem gerir kleift að leita uppi tiltekna viðtökueiningu með því að tilgreina póstviðtökustað.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Fyrir 15. júní 1992 skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni skrá yfir póstviðtökustaði í stafrófsröð, á tölvuvæddu formi eins og lýst er í viðaukanum. Hverjum póstviðtökustað skal fylgja kenninúmer viðkomandi staðareiningar.

2. Á grundvelli upplýsinganna sem aðildarríkin senda í samræmi við 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin semja yfirlit á tölvutæku formi, sem bæta skal inn í viðfangshugbúnaðinn sem er skilgreindur í fjórða undirlit 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 91/398/EBE, yfir póstviðtökustaði með kenninúmerum staðareininga í öllu bandalaginu og skal senda þessa yfirlitsskrá til aðildarríkjanna.

3. Með vissu millibili skal framkvæmdastjórnin uppfæra yfirlitið sem um getur í 2. mgr. með tilliti til upplýsinga sem aðildarríkin senda.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júní 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 80, 25. 3. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

Lýsing á sniði fyrir skráningu þeirra upplýsinga sem þarf við tölvuleit að staðareiningum Animo-kerfisins

Lýsing á svæði	Lengd	Snið
1. Lýsing á „póstviðtökustað“ — fyrir Belgíu: „Commune“ — fyrir Danmörku: „By“ — fyrir Þýskaland: „Gemeinde“ — fyrir Grikkland: „Nomos“ — fyrir Spán: „Municipio“ — fyrir Frakkland: „Département“ — fyrir Írland: „County“ — fyrir Ítalíu: „Commune“ — fyrir Lúxemborg: „Pays“ — fyrir Holland: „Gemeenten“ — fyrir Portúgal: „Freguesia“ — fyrir Breska konungsríkið: „Post Town“	44	rittákn
2. Póstnúmer (ef við á)	6	rittákn
3. Kenni staðareiningar samkvæmt ákvörðun 92/175/EBE	7	rittákn

Gagnageymsla: 3 1/2"-disklingur með 720 K eða 1,44 Mb rými.
ASCII-skrá.